

Formaspil

myndir á næstu blaðsíðu

Efni:

- Þykkt pappaspjald skorið í stærð A3
- Litað karton í stærð A2
- Spjöld með mismunandi formum (hvert form í einum lit) t.d. þeim sem eru í rökkubasettinu: hringur, ferningur, rétthyrningur, þríhyrningur og sexhyrningur. Öll spjöldin eru 4x4 cm. nema rétthyrningurinn sem er 3x5 cm. Hafa nóg af spjöldum því þau eru bæði á spilaborðinu og einnig laus til að safna á meðan spilað er. Gott er að nota litaðan pappír til að prenta út formin á svo sjáist báðum megin liturinn.
- Byrja reitur og Enda reitur til að líma á spjaldið
- Skæri
- Plast og plöstunarávél
- Lím
- Bókplast
- Karfa undir lausu spjöldin
- Teningur og spilakarlar

Aðferð:

- Litaða kartonið límt á pappaspjaldið
- Lausu formin klippt út og hluti þeirra límdur á spjaldið í röð frá byrjunarreitnum að endareitnum
- Spjaldið plastað með bókplast
- Plasta í plöstunarávél restina af lausu spjöldunum

Spilið:

- Passlegt spil fyrir 2-4 leikmenn
- Skipst er á að kasta teningnum og spilakarlinn færður áfram jafnmarga reiti og teningurinn segir. Á þeim reit sem er stoppað í hvert sinn er samsvarandi form tekið og sett til hliðar
- Krakkarnir ákveða sjálfir hvort spilið endar þegar sá fyrsti kemur á leiðarenda eða þegar allir hafa klárað
- Þegar krakkarnir hafa ákveðið að spilinu sé lokið fara þau að flokka sín form, telja hvert fyrir sig og bera saman fjöldann hjá sér og hinum. Af hvaða formi fékk ég mest – minnst? Fékk ég jafnmikið af einhverju formi? Fékk ég öll formin eða voru einhver form sem ég fékk ekkert af? Hvað fengu hinir af sínum formum. Í þessu spili skapast oft mikil umræða hjá krökkunum og sum raða formunum upp í n.k. súlurit eftir fjölda.

Útfærsla:

- Þetta sýnishorn er af elstu deildinni en spilið er til í einfaldara formi á yngri deildum. Þá er spilaborðið minna og formin færri og stærri. Á yngstu deildinni eru t.d. bara þrjú form; þríhyrningur, hringur og ferningur. Þar hafa þau verið að nota tening sem sýnir ekki hærri tölu en 3.
- Það er mjög þægilegt að geyma svona spil með því að gata eina hlið við sinnhvorn endann og setja band á milli. Þá er hægt að hengja þau upp á vegg á króka eða nagla og börnin sjá þau þá og geta auðveldar valið sér spil til að spila.

